

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

419. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hamraborg 9, Kópavogi, þann 7. febrúar 2020, kl. 13:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður.

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Líf Magneudóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Jóna Sæmundsdóttir. Gestur fundarins var Eva B. Helgadóttir, hrl., sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir seinni hluta liðar 1, var Björn H. Halldórsson og Reimar Pétursson, hrl.

Tekið fyrir:

1. Málefni framkvæmdastjóra – trúnaðarmál.

Farið var yfir framvindu mála og stöðuna. Leitað var ráðgjafar hjá helstu sérfræðingum í vinnurétti um réttarstöðuna. Lagt fram minnisblað LMB Mandat lögmannsstofu. Stjórn fór yfir málið og andmælabréf sem barst frá Birni H. Halldórssyni frá 28. janúar s.l. og telur að svörin hafi ekki verið fullnægjandi og breyti engu efnislegu né hrekji þær ávirðingar sem á Björn eru bornar í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Stjórn ákvað af þeim sökum að veita Birni H. Halldórssyni áminningu með vísan til gr. 9.8.1 í kjarasamningi Verkfræðingafélags Íslands og Reykjavíkurborgar og veita honum rétt til þess að bregðast við henni til 11. febrúar n.k.

Kl. 13:27 koma inn á fundinn Björn H. Halldórsson ásamt lögmanni sínum Reimari Péturssyni þar sem Birni var afhent ofangreind áminning, dags. 7. febrúar 2020. Viku þeir af fundi kl. 13:30.

Næsti fundur:

Næsti fundur ákveðinn þann 12. febrúar 2020 klukkan 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:48

Fundarritari: Eva B. Helgadóttir, hrl.